



HÚNAVATNSHREPPUR - Aðalskipulag 2010-2022

Breyting á aðalskipulagi vegna efnistökusvæðis í landi Æsustaða



Gildandi aðalskipulag frá 25.05.2012, mkv. 1:100.000



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í júlí 2012, mkv. 1:100.000

GREINARGERÐ

Gerð er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps vegna nýs efnistökusvæðis í landi Æsustaða í Langadal..

Forsendor

Forsendor breytingarinnar eru þær að óskað er eftir efnistöku til viðhaldsverkefna á yfirborði Hringvegar í Langadal og í Vatnsskarði. Náman er í ógrónum áreyrum Blöndu, austan Hringvegar en vestan túns skammt norðan heimreiðar að Æsustöðum í Langadal. Á námsvæðinu var áður tekið efni til byggingar númerandi Hringvegar en Blanda rann um svæðið áður en númerandi Hringvegar var byggður 1983. Byggðasafn Skagfirðinga gerði úttekt á svæðinu í júní og komu engar fornminjar í ljós við þá úttekt.

Lýsing

Gildandi Aðalskipulag Húnavatnshrepps var staðfest af umhverfisráðherra 25. maí 2012. Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til staðsetningar á nýju efnistökusvæði í landi Æsustaða í Langadal. Fram hefur komið að landamerki Æsustaða, Káraðstaða og Tunguness á skipulagssvæðinu eru óljós og því eru landamerki í skipulagstillögnum ekki staðfest. Verið er að breyta svæði sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreint sem landbúnaðarland yfir í efnistökusvæði. Náman fellur ekki undir 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 þar sem hún er undir 25.000 m² og fellur þ.a.l. ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Fyrir liggur samningur Vegagerðarinnar við landeigendur um efnistöku á svæðinu til 20 ára. Gerð er breyting á greinargerð, kafla 3.1.6 um efnistökusvæði. Við töflu á bls. 28 bætist við efnistökusvæði og fær það númerið E19.

Gert er ráð fyrir að vinna allt að 25.000 m³ af malarefni í klæðingu til viðhalds á yfirborði Hringvegar í Langadal og Vatnsskarði í A.-Húnavatnssýslu, á svæði sem er um 24.000 m² að flatarmáli, á um 20 ára tímabili.

Markmið

Markmið breytingarinnar er að tryggja nægjanlegt efnismagn á malarefni fyrir viðhaldsverkefni, en vörtun er á malarefni á svæðinu. Breytingin er í samræmi við markmið Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022 um að hafa efnistökusvæði fá en hafa svæðin stærri. Nokkrar námar innan Húnavatnshrepps eru uppnar og eru að Langtímaáætlun Vegagerðarinnar um námufrágang 2004-2018. Breytingin er einnig í samræmi við stefnu aðalskipulags um samgöngur þar sem segir; „Stefnt er að endurbótum og viðhaldi á númerandi vegakerfi.“

Umhverfisáhrif

Efnistökusvæðið er á ógrónum malareyrum Blöndu við Hringveginn og var náman áður notuð við gerð þjóðvegarins. Umhverfisáhrif breytingartillögunnar eru talin vera óveruleg á náttúruarfarslega þætti þar sem um lítt grónar áreyrar eru að ræða. Ekki eru skráðar neinar minjar á svæðinu og áhrif á samfélagslega og hagræna þætti eru óveruleg þar sem um frekar umfangslistla framkvæmd er að ræða.

Tillagan var auglýst frá 8. október til 20. nóvember 2012 og barst ein athugasemdir varðandi landamerki. Texta í greinargerð var breytt m.t.t. athugasemdir en bætt var við eftirfarandi texta: „Fram hefur komið að landamerki Æsustaða, Káraðstaða og Tunguness á skipulagssvæðinu eru óljós og því eru landamerki í skipulagstillögnum ekki staðfest.“

Aðalskipulagsbreyting bessi, sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslagu nr. 123/2010, var samþykkt í hreppsnefnd Húnavatnshrepps þann 16. janúar 2013

Jacint P. Þorsteinsson
sveitarstjóri.

Aðalskipulagsbreyting bessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 25. febrúar 2013

Gudrún J. Gunnarsdóttir
Ólöf Brynjólfssdóttir
Aðalskipulagsbreyting bessi var birt í B. deild Stjórnartíðindar
þann 20.

Grunnupplýsingar

SKÝRINGAR :


Byggð

- █ Landbúnaðarsvæði <400 m y.s.
- █ Landbúnaðarsvæði ræktað land
- █ Frístundabyggð
- █ Opin svæði til sérstakra nota
- █ Óbyggð svæði >400m y.s.

Atvinna

- █ Verslunar- og þjónustusvæði
- █ Þjónustustofnanir
- █ Efnistökusvæði

Verndarsvæði



ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐI
Friðlýstar fornleifar skv.
þjóðminjalögum

HVERFISVERNDARSVÆÐI

Hverfisvernd vegna fornleifa og menningarminja

M5

Hverfisvernd vegna fornminja sbr. svæðisskipulag Miðhálandis



NÁTTÚRVÁ

Svæði undir náttúrvá



Samgöngur og veitur

1 Stofnvegir

724

Tengivegir

—

Aðrir vegir (eingöngu til skýringar)

.....

Megin gönguleiðir (lega eิงöngu til skýringar)

—

Megin reiðleiðir (lega eิงöngu til skýringar)

—

RAFVEITA

—

Háspennulínur 66kV - 220kV

—

Aðrar háspennulínur til skýringar

• × Lögbýli / Eyðibýli

— Skurðir

— Ár og vötn

— Hæðarlínur, 20 metrar

— Mörk skipulagssvæðis

— Mörk þéttbýlis

— Mörk jarða, mörk eru óviss og ekki tæmandi



Dags: 16.01.2013 Mkv: 1:100.000 A3 Teikn: 01
Óskar Órn Gínnarsson SFFÍ Verk nr: 5612-SA38A